

Mál nr. 348/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var farþegi í bifreið sem ekið var aftan á þann 9. júní 2021 á Vesturlandsvegi við Grundartangaveg. M leitaði fimm dögum síðar á slysadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi og var greind með tognun og ofreynslu á hálsþrygg og brjóstþrygg. V aflaði einhliða PC-crash skýrslu og hafnaði bótaskyldu þann 22. desember 2021 með vísan til þess að niðurstaða hraðaútreiknings benti ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum. Þann 17. október 2022 hafnaði V að standa sameiginlega að mati sérfræðinga á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins. M krefst þess að viðurkennt verði að V beri skylda til þess að greiða kostnað sem hlýst af sérfræðilegu mati á því hvort M hafi orðið fyrir tjóni vegna umferðarslyssins 9. júní 2021. Vísar M til 1. og 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og jafnframt 9. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingarstarfsemi þar sem kveðið er á um að váttryggingarstarfsemi skuli rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki þess eðlis að varanlegt líkamstjón hefði getað hlotist af. V hefur samþykkt að greiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið. Þá er byggt á því að orsakatengsl á milli umrædds atviks og þeirra einkenna sem M hefur lýst séu ósönnuð. Einkenni M séu almenns eðlis og ekki einkennandi fyrir atvik sem þetta.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar eingöngu það hvort V beri skylda til þess á grundvelli 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að greiða fyrir fyrirhugað mat á afleiðingum líkamstjóns sem lögmaður M hyggst afla í tengslum við umferðarslys M þann 9. júní 2021. Í 1. gr. skaðabótalaga segir að sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skuli greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningarbætur. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Ekki er um almenna skyldu váttryggingafélags að ræða til að standa að gagnaöflun umfram það sem leiða má af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir atvikum lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Með vísan til alls ofangreinds og þá sérstaklega meginreglna um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti verður ekki fallist á að greiðsluskylda V vegna fyrirhugaðs örorkumats sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir